



Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Ársskýrsla 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Nemendur	4
Fjöldi dagskólanemenda	4
Fjöldi nýnema í dagskóla	4
Fjöldi nemenda eftir landshlutum 2002 og 2022 í dagskóla	4
Fjödatölur fjarnám - þróun	5
Skipting nemenda á brautir – dagskóli	7
Hlutfallsleg skipting bók- og starfsnám	8
Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir	9
Kynjaskipting dagskólanemenda – þróun	9
Kynjaskipting bók- og starfsnám	10
Meðalaldur – þróun	11
Nemendur með annað móðurmál en íslensku (AM-nemendur)	11
Rekstur	13
Tekjur og gjöld	13
Stoðþjónusta með námi nemenda	14
Sértækur stuðningur	14
Umsjónarkerfi skólans	14
Setrið	15
Skólafundur 12. október	15
Endurvottun fjarnáms	16
Viðveruskráning á árinu 2022	16
Endalok heimsfaraldurs	16
Mat	17
Ytra mat	17
Innra mat	17
Starfshópur vegna stofnunar ársins	18
Stofnun ársins 2022	18
Stefnur, áætlanir og verkefni	19
Græn skref	19
Erlend samstarfsverkefni	19
Vorönn	19
Haustönn	20
Félagslíf nemenda	20
Lokaorð	20

Inngangur

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var formlega stofnaður 1981 og er í dag einn stærsti fjölbrautaskóli landsins. Einkunnarorð skólans eru: fjölbreytni virðing og árangur. Í skólann leitar fjölbreyttur hópur í fjölbreytt námsframboð í bók- og starfsnámi. Nemendur koma í skólann úr flestum hverfum Reykjavíkur, nágrennasveitafélögum og utan af landi. Þá fer nemendum með annað móðurmál fjölgandi.

Skólinn býður upp á bóknám á félagsfræðibraut, íþrótt- og heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut, opinni stúdentsbraut og viðskipta- og hagfræðibraut. Þá býður skólinn nám á almennri námsbraut fyrir þá sem ekki hafa lokið námsmarkmiðum grunnskóla auk viðbótarnáms til stúdentsprófs. Skólinn er kjarnaskóli heilbrigðisgreina og þar er boðið upp á fjölbreytt starfsnám í heilbrigðisgreinum: heilbrigðisritarabraut, heilsunuddbraut, lyfjatæknabraut, námsbraut fyrir sóttthreinsitækna, sjúkraliðabraut, tanntæknabraut, sjúkraliðabraut, tanntæknabraut, þjónustutæknabraut auk grunnnáms í heilbrigðisgreinum. Loks býður skólinn upp á tveggja ára starfsnám á nýsköpunar- og listabraut.

Skólinn hefur alltaf sinnt fjölbreyttum hópi nemenda víðs vegar af landinu. Hann sinnir nú í auknum mæli vaxandi fjölda erlendra nemenda. Að því tilefni verður nemendafjöldinn 2022 borinn saman við nemendafjöldann 2002. Þá kemur í ljós að miklar lýðfræðilegar breytingar hafa orðið á skólanum.

Kennsla vorannar hófst 10. janúar og var skóla slitið 25. maí. Á fyrstu vikum vorannar markaðist skólastarf af baráttunni við heimsfaraldur vegna covid-19. Í upphafi árs 2022 var eins metra nálægðarregla í kennslustofum en grímuskylda að öðrum kosti. Ekki máttu fleiri en 50 nemendur koma saman og ekki fleiri en 20 starfsmenn í sama rými. Nálægðarreglan var hert 13. -29. janúar í tvo metra en rýmkuð aftur í einn metra þar til reglugerð um takmarkanir á skólahlaldi var felld úr gildi 12. febrúar. Þá var framhaldsskólum að mestu veitt [undanþága frá almennum sóttvarnarreglum](#). Fjórtán daga nýgengi á íbúa náði hámarki í 9. viku annar (byrjun mars). Margir starfsmenn og nemendur þurftu að sæta sóttkví, einangrun eða að fengu covid-19. Markaði þetta endi á tímabili í sögu skólans sem hófst í 16. mars 2020 þar sem skólastarf var markað af heimsfaraldri og skólabanni og samkomutakmörkunum tengdum faraldrinum.

Annað sem setti strik í reikninginn var illviðrasamur febrúar. Mánuðrinn var sá kaldasti á landinu síðan 2002. Mikill vindur og snjór settu samgöngur á höfuðborgarsvæðinu úr skorðum. Verst var veðrið 7. og 21.-22. febrúar. Í fyrra illviðrinu féll allt skólastarf niður en í seinna skiptið varð mikil röskun þegar margir nemendur og kennarar komust ekki í skólann.

Skólinn fór í gegnum lögbundið [ytra mat](#) á vorönninni. Í mars komu úttektaraðilar í skólann og tóku viðtöl við starfsmenn og nemendur. Afraksturinn má nálgast á [heimasíðu skólans](#).

Í mars og apríl fór fjarnám skólans í gegnum endurvottunarúttekt. Fjarnámið stóðst þá úttekt og verður áfram gæðavottað af staðlinum ÍST EN ISO 9001:2015. Næsta viðhaldsúttekt er væntanleg í upphafi árs 2023.

Frá og með vorönn 2022 var nýskráningum á hugvísindabraut hætt en ný opin stúdentsbraut hafði verið tekin upp 2021. Á vorönninni luku þeir Hafliði Vilhelmsson (enskukennari) og Ársæll Friðriksson (íslenskukennari) störfum eftir langt og farsælt starf við skólann.

Kennsla haustannar hófst 18. ágúst og lauk með brautskráningu 17. desember. Starfsmenn skólans voru á haustönn 111 talsins (80 konur og 31 karl). Kennarar við skólann voru 76 en aðrir starfsmenn auk stjórnenda eru meðal annars þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar. Skólinn tók í gagnað fjórar nýjar hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla á skólalóðinni. Mennta- og barnamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason heimsótti skólann 4. október og lögbundinn skólafundur var haldinn 12. október. Fimm kennarar tóku þátt í tilraunaverkefni með kennslukerfi Innu en skólinn hefur hingað til aðallega notast við Moodle kennsluumhverfið bæði í kennslu dagskóla og í fjarnámi. Í lok haustannar uppfyllti skólinn fimmta og síðasta skrefið í grænu skrefunum en það er verkefni sem miðar að því að lækka umhverfisáhrif ríkisstofnana. ReadSpeaker hnappur var tekinn upp á heimasíðu skólans og er nú hægt að hlusta á efni síðunnar á íslensku.

Á haustönn luku þau Guðrún Narfadóttir (áfangastjóri), Jóna Guðmundsdóttir (gæðastjóri) og Þór Elís Pálsson (kvikmyndagreinakennari) störfum eftir langt og farsælt starf við skólann.

Nemendur

Fjöldi dagskólanemenda

Gögn um nemendafjölda skólans miða við gögn frá Hagstofu Íslands sem aðgengilegar eru í gegnum Innu 30. janúar (vorönn) og 8. september (haustönn) 2022, u.þ.b. þremur vikum eftir upphaf kennslu. Nemendafjöldi á vorönn 2022 var 773 og á haustönn 893.

2018		2019		2020		2021		2022	
vor	haust	vor	haust	Vor	haust	vor	haust	vor	haust
821	895	860	915	839	907	853	859	773	893

Fjöldi nýnema í dagskóla

Nýnemum hefur fjölgað undanfarin ár við skólann eins og sjá má á meðfylgjandi töflu.

Haustönn	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi nýnema	80	116	103	142	166

Fjöldi nemenda eftir landshlutum 2002 og 2022 í dagskóla

Samsetning nemenda eftir landshlutum hefur tekið miklum breytingum á síðustu tuttugu árum. Haustið 2022 voru 886 nemendur skráðir með lögheimili í pósthúsi samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands, þar af 562 (63%) úr Reykjavík . Haustið 2002 voru 823 nemendur skráðir með pósthúsi þar af 406 í Reykjavík. Á vorönn 2022 voru 498 nemendur í skólanum skráðir með lögheimili í skólanum.

Hins vegar stendur fjöldi þeirra sem sækja skólann í nágrennasveitafélögum Reykjavíkur í nokkurn vegin stað miðað við 2002.

Bæjarfélag	haust 2002	vor 2022	haust 2022
Garðabær	45	52	69
Hafnarfjörður	67	71	90
Kópavogur	89	60	74
Mosfellsbær	43	19	23
Seltjarnarnes	18	9	12
Samtals	262	211	268

Nemendum af landsbyggðinni hefur hins vegar fækkað mikið hvort sem litið er til landssvæða nærri eða fjarri höfuðborginni.

Landshluti	haust 2002	vor 2022	haust 2022
Austurland	26	7	4
Norðurland eystra	14	3	2
Norðurland vestra	13	9	7
Suðurland	40	15	17
Suðurnes	29	12	9
Vestfirðir	8	5	4
Vestmannaeyjar	3	3	4
Vesturland	22	8	9
Samtals	155	62	56


Það verður að teljast mjög eðlilegt að nemendum af landsbyggð fækki með fjölgun framhaldsskóla á landsbyggðinni. Á Vesturlandi starfa nú þrjú framhaldsskólar í stað eins haustið 2002 svo dæmi sé nefnt.

Fjöldatölur fjarnám - þróun

Annir í fjarnámi eru þrjár: Vor, sumar og haust. Á haust- og vorönnum eru að jafnaði 1100-1400 nemendur en 700 á sumrin. Áhrifa heimsfaraldursins vegna covid-19 hafði mikil áhrif á fjarkennslu í öllu landinu. Tölur fyrri ára eru fengnar úr ársskýrslu 2021 en tölur fyrir árið 2022 eru fengnar frá Hagstofu Íslands í gegnum Innu: 10. febrúar, 18. júní og 3. október 2022.

2018			2019			2020			2021			2022		
V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H	V	S	H
1089	677	1217	1132	699	1214	1206	1104	1274	1346	981	1099	1300	705	1191

Sumarannirnar 2020 og 2021 voru óvenju fjölmennar en einnig voru vorannir 2021 og 2022 fjölmennari en haustannir. Vísendingar eru um að þessi þróun sé að ganga til baka hvað sumarannirnar varðar.



1166 nemendur voru skráðir með póstnúmeri á haustönn; þar af voru 513 í Reykjavík eða 44% nemenda. Mjög svipað hlutfall fjar- og dagskólanemenda kemur úr nágrennasveitafélögum Reykjavíkur eða 30-33%.

Bæjarfélag	vor 2022	haust 2022
Garðabær	60	48
Hafnarfjörður	96	91
Kópavogur	172	178
Mosfellsbær	47	52
Seltjarnarnes	17	14
Samtals	392	383

Um 23% fjarnema koma utan af landi á móti 6% dagskólanema. Munar þar mestu um stóra hópa af Suðurlandi og Suðurnesjum.

Landsbyggð	vor 2022	haust 2022
Austurland	27	23
Norðurland eystra	38	47
Norðurland vestra	16	12
Suðurland	89	72
Suðurnes	75	61
Vestfirðir	9	10
Vestmannaeyjar	9	6
Vesturland	39	39
Samtals	302	270

Skipting nemenda á brautir – dagskóli

Eins og fram hefur komið voru 773 nemendur skráðir í skólann á haustönn og 893 á vorönn.

Vinsælasta námsbrautin á vorönn var félagsfræðibraut en á haustönn almenn námsbraut. Þá nýtur opin braut vaxandi vinsælda.

Braut - heiti	vor 2022	haust 2022
Almenn námsbraut	93	155
Félagsfræðibraut	123	107
Fjarnámsbraut	3	1
Grunnnám heilbrigðisgreina	21	23
Heilbrigðisritarabraut	8	9
Heilsunuddbraut	71	57
Hugvísindabraut	12	3
Lyfjateknabraut	8	7
Málabraut	1	1
Námsbraut fyrir nuddara	1	1
Náttúrufræðibraut	86	81
Nýsköpunar- og listabraut	28	52
Opin stúdentsbraut	42	115
Sjúkraliðabraut	61	67
Sjúkraliðabru	31	27
Sérnámsbraut	34	33
Tanntæknabraut	30	27
Viðskipta- og hagfræðibraut	54	61
Viðbótarnám til stúdentsprófs	3	0
Íþrótta- og heilbrigðisbraut	63	60
Þjónustutæknabraut	0	6
Samtals	773	893

Hlutfallsleg skipting bók- og starfsnám

Tæplega 2/3 nemenda stunda bóknám við skólann. Bóknámsnemendum fjölgaði hlutfallslega meir en nemendum í starfsnámi á haustönn 2022. Árið 2021 voru þessar sveiflur ekki fyrir hendi.

Tegund náms	vor 2022 (%)	haust 2022 (%)
Ótilgreint nám	0,7%	0,0%
Bóknámsbraut	64,3%	68,0%
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	27,0%	22,5%
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	3,6%	5,8%
Sérnámsbraut	4,4%	3,7%

Brautskráðir á árinu – fjöldi og brautir

Alls útskrifuðust 94 nemendur frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla vorið 2022, þar af 15 af tveimur brautum. Haustið 2022 útskrifuðust svo 75 nemendur þar af tveir af tveimur brautum. Um vorið var fyrst útskrifað af opinni braut.

Braut	vor 2022	haust 2022
Félagsfræðibraut	16	19
Hugvísinda- og málabraut	3	0
Íþróttá- og heilbrigðisbraut	2	3
Náttúrufræðibraut	9	12
Viðskipta- og hagfræðibraut	3	0
Nýsköpunar- og listabraut	6	1
Opin braut	6	11
Sérnámsbraut	8	0
Heilbrigðisritarabraut	1	4
Heilsunuddbraut	8	10
Lyfjatæknabraut	2	1
Læknaritarabraut	2	0
Sjúkraliðabraut	14	7
Tanntæknabraut	9	0
Viðbótarnám til stúdentsprófs	20	9
Samtals	94 (15)	77(75)

Kynjaskipting dagskólanemenda – þróun

Frá og með vorönn 2022 urðu þær breytingar að nemendur gátu gefið upp annað kyn en karlkyn (kk) og kvenkyn (kvk). Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands var einn einstaklingur á vorönn skráður með kyn X og annar einstaklingur með óskráð kyn (annað og ótilgreint). Á haustönn voru fimm einstaklingar með óskráð kyn. Kynjaskipting skólans má sjá á eftirfarandi töflu.


Kyn	vor 2022 (%)	haust 2022 (%)
KK	44,0%	44,5%
KVK	55,8%	55,0%
Annað eða ótilgreint	0,3%	0,6%
Samtals	100,0%	100,0%

Kynjaskipting bók- og starfsnám

Hér fyrir neðan má sjá að hlutfallslega fleiri karlar velja bóknám og hlutfallslega fleiri konur velja starfsnám við skólann. Út frá persónuverndarsjónarmiðum er sundurliðaðri kynjaskiptingu fyrir önnur kyn en kk og kvk sleppt.


Tegund náms	vor 2022			haust 2022		
	KK	KVK	Annað eða ótilgreint	KK	KVK	Annað eða ótilgreint
Ótilgreint nám	0,4%	0,3%		0,0%	0,0%	
Bóknámsbraut	36,4%	27,8%		37,0%	30,5%	
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	2,3%	24,7%		2,2%	20,3%	
Starfsnám, nýsköpunar- og listabraut	1,4%	2,1%		2,5%	3,4%	
Sérnámsbraut	3,5%	0,9%		2,8%	0,9%	
Samtals	44,0%	55,8%	0,3%	44,5%	55,0%	0,6%

Kynjaskipting hefur verið í nokkru jafnvægi milli anna undanfarin ár; konur eru að jafnaði fleiri; þegar kynjaskipting er sem jöfnust munar rúmum 10 prósentustigum en ójöfnust varð hún rúmlega 20% vorið 2021. Það kann að vera að heimsfaraldur vegna covid-19 hafi spilað inn. Dagskólanum var lokað frá 16. mars til annarloka vorið 2020 og frá 21. september til annarloka 2021.



Meðalaldur – þróun


Meðalaldur dagskólanemenda var 19,7 ár á vorönn og 19 ár á haustönn 2022. Síðan vorið 2021 hefur meðalaldur skólans í heild sinni lækkað og sérstaklega í bóknámi. Á heilbrigðisbrautum hefur meðalaldur nemenda hins vegar þokast upp á við.




Nemendur með annað móðurmál en íslensku (AM-nemendur)

Alls voru 103 AM-nemendur í dagskóla í upphafi vorannar 2022 en 91 í lok hennar. Um haustið voru 152 nemar í upphafi annar (þar af 60 nýnemar) en 131 í lok hennar, skv. talningu kennslustjóra AM-nemenda. Á vorönn 2022 voru því 13% nemenda í upphafi annar AM-nemendur en 17% í upphafi hausts 2022. Samkvæmt ársskýrslum árána 2012 og 2021 þá var þetta hlutfall 2,6% 2012 og 12% 2021. Árið 2012 komu þessi nemendur frá um 30 löndum en fjöldi landa nálgast nú að vera 38.

Hlutfallstölurnar virðast fylgja nokkurn veginn hlutfalli umsókna erlendra nemenda af heildartölu umsókna við skólann en þær eru til frá haustinu 2002. Á þann lista fara allir nemendur sem halda áfram námi frá árinu á undan sem og nýnemar.



Þróun í fjölda AM-nemenda hefur verið gríðarlega hröð og er áskorun fyrir skólasamfélagið. Skólinn þjónustar þennan hóp alveg sérstaklega með ÍSAN áföngum (íslenska sem annað mál) og ÍSTA áföngum þar sem lögð er áhersla á talað mál. Nemendum sem sækja þessa áfanga hefur enda fjölgað mjög mikið.



Á skólaárinu jók skólinn enn við flóru áfanga sem sérstaklega eru ætlaðir AM-nemendum: SAGA1AM05 (saga), FÉLA1AM05 (félagsfræði), UPPL1AM05 (upplýsingatækni), ENSK1BF05 (enska) og ENSKBY05 (enska).

Þróun í fjölda hópa og áfanga sem kenndir eru í FÁ

Ártal	2019		2020		2021		2022	
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust
	ÍSÁN1GR05	ÍSÁN1UN05	ÍSÁN1UN05	ÍSÁN1GRSN	ÍSÁN1GRSN	ÍSÁN1GRSN	ÍSÁN1UN05	ÍSÁN1UN05
	ÍSÁN2BS05	ÍSÁN1GR05	ÍSÁN1GR05	ÍSÁN1UN05	ÍSÁN1UN05	ÍSÁN1UN05	ÍSÁN1GR05	ÍSÁN1GR05 (2)
	ÍSÁN2GM05 (2)	ÍSÁN2GM05	ÍSÁN2BS05	ÍSÁN1GR05 (2)	ÍSÁN1GR05 (2)	ÍSÁN1GR05 (2)	ÍSÁN2GM05	ÍSÁN2GM05 (2)
	ÍSÁN3NB05	ÍSÁN2BS05	ÍSÁN2GM05	ÍSÁN2BS05	ÍSÁN1AG05	ÍSÁN2GM05 (2)	ÍSÁN2BS05 (2)	ÍSÁN2BS05
	ÍSTÁ1AF05 (2)	ÍSÁN3NB05	ÍSÁN3BÓ05	ÍSÁN2GM05	ÍSÁN2GM05 (2)	ÍSÁN2BS05	ÍSÁN3BÓ05	ÍSÁN3BÓ05
	ÍSTÁ1AG05	ÍSTÁ1AF05	ÍSÁN3LG05 (2)	ÍSÁN3BÓ05	ÍSÁN2BS05	ÍSÁN3BÓ05	ÍSÁN3NB05	ÍSÁN3NB05
		ÍSTÁ1AG05 (2)	ÍSTÁ1AF05 (2)	ÍSÁN3NB05	ÍSÁN3BÓ05	ÍSÁN3NB05	ÍSÁN3LG05	ÍSTÁ1AG05 (2)
			ÍSTÁ1AG05	ÍSTÁ1AF05	ÍSÁN3LG05	ÍSTÁ1AF05 (3)	ÍSTÁ1AF05	SAGA1AM05
				ÍSTÁ1AG05 (2)	ÍSÁN3NB05	ÍSTÁ1AG05 (2)	ÍSTÁ1AG05	LAND1AM05
					ÍSTÁ1AF05 (2)		SAGA1AM05	UPPL1AM05
					ÍSTÁ1AG05 (2)		FÉLA1AM05	ENSK1BY05 (2)
							UPPI1AM05	
							ENSK1BF05	
Samtals	8	8	10	11	15	14	14	15

Af öllu þessu sést að umfang kennslu AM-nemenda hefur aukist þegar kemur að fjölda, nemenda, hópa og áfanga.

Rekstur

Tekjur og gjöld

	2018	2019	2020	2021	2022
Framlag úr ríkissjóði skv. fjárlögum	1.239.592.203	1.408.575.712	1.508.732.463	1.533.917.351	1.641.514.431
Aðrar tekjur	153.798.378	161.642.606	163.554.030	173.159.876	150.895.389
Tekjur samtals	1.393.390.581	1.570.218.318	1.672.286.493	1.707.077.227	1.792.411.842
Laun	1.156.201.287	1.186.222.147	1.297.217.213	1.306.199.461	1.365.611.133
Önnur gjöld	202.801.443	343.019.814	343.959.854	379.520.519	408.080.295
Gjöld alls	1.359.002.730	1.529.241.961	1.641.177.067	1.685.719.980	1.773.691.428
Afkoma fyrir fjármagnsliði	34.387.851	40.976.357	31.109.426	21.357.247	18.720.414
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	19.504	23.057	37.365	25.414	32.712
Afkoma ársins	34.368.347	40.953.300	31.072.061	21.331.833	18.687.702

Framlag úr ríkissjóði jókst um 7% en aðrar tekjur lækkuðu um rúmar 22 milljónir. Launagjöld júkust um 5%. Rekstrarafkoma skólans var jákvæð um tæpar 19 milljónir.

Stoðþjónusta með námi nemenda

Sértækur stuðningur

Stoðþjónusta skólans er viðamikil og veitir fjölreyttum hópi andlegan, félagslegan og námslegan stuðning. Saman mynda þessir starfsmenn hryggjarstykkið í stoðþjónustunni

- Kennslustjóri sértækra námserfiðleika er til viðtals þrisvar sinnum í viku. Til hans geta leitað nemendur vegna lestrarörðugleika, stærðfræðiröskunar og nemendur sem eiga í skipulagsörðugleikum. Stuðningurinn er fólgin í fræðslu, greiningu, aðstoð við heimanám og sérstök úrræði við próftöku. Kennslustjóri er talsmaður lesblindra við skólann og er þessum nemendum boðið upp á sérstakan stuðnings áfanga LESA1DY.
- Kennslustjóri er AM-nemendum til ráðgjafar um val, stefnu og heimanám og er til viðtals þrisvar í viku.
- Kennslustjóri almennrar stoðþjónustu annast umsjón nemendum í Grettistaki og nemendum á biðlista eitt.
- Kennslustjóri almenns námsstuðnings veitir nemendum á einhverfurófi og þeim sem eiga erfitt með að skipuleggja sig sérstakan stuðning.
- Skólasálfræðingur í hálfu starfi sinnir erindum nemenda eftir þörfum.
- Skólahjúkrunarfræðingur í hálfu starfi sinnir heilsufarsvanda nemenda.
- Þrír námsráðgjafar sinna eru til taks í 2,3 stöðugildi. Þeir veita nemendum víðtæka ráðgjöf um val, áhuga og stefnu í námi. Þeir annast sérúrræði nemenda á prófum. Þá halda þeir utan um pappíra sem varða greiningar og vottorð.

Umsjónarkerfi skólans

Hverjum og einum kennara er falin umsjón með hópi nemenda sem honum er úthlutað. Starfið felur í sér samskipti við foreldra nemenda undir 18 ára aldri, veita aðhald með mætingu og hlúa að velferð og þörfum nemenda eða eins og lýst er í viðbót við stofnanasamning 2013:

- fara reglulega yfir mætingar nemenda og hafa samband við nemandann/foreldra þegar þurfa þykir.
- minna nemendur á mikilvægar dagsetningar.
- staðfesta val nemenda og veita þeim ráðgjöf um val.
- hvetja nemendur til dáða og hrósa þeim fyrir það sem vel er gert.

Tímar eru teknir frá einu sinni í viku í stundatöflu þar sem kennarinn og nemendur geta fundað skipulega eða eftir þörfum. Það er misjafnt hvernig kennurum er úthlutað nemendum en það getur verið eftir þörf fyrir sértækum úrræðum eða fagsviðum. Umsjón er hluti af starfslýsingum allra kennslustjóra og samkomulag innan skólans um að kennarar sinni því. Vorið 2022 var auglýst sérstaklega eftir umsjónarkennurum fyrir nýnema. Þessir kennarar fá sérstaklega greitt fyrir umsjónina. Á haustönn fá þeir greitt fyrir einn umsjónartíma í viku auk þriggja tíma fyrir hvern nemanda. Á vorönn fá þeir greitt tvo tíma fyrir hvern umsjónarkennara. Í starfi umsjónarkennara nýnema felast auk almennrar umsjónar:

- viðtöl við umsjónarnemendur og forráðamenn í upphafi haustannar
- að fylgst er með því að upplýsingar er varða nemandann séu rétt skráðar í INNU
- að farið er í dagslanga nýnemaferð
- fræðsla á kynningafundi fyrir forráðamenn í upphafi haustannar.
- kennsla nemenda einu sinni í viku
- viðtöl við umsjónarnema á miðri haustönn
- að sitja mánaðarlega fundi með öðrum umsjónarkennurum
- viðtöl við umsjónarnemendur á miðri vorönn.

Setrið

Setrið er skólastofa þar sem nemendur geta sinnt heimanámi og fengið hjálp frá bæði nemendum og kennurum. Allir nemendur eru velkomnir að nýta sér Setrið sem lesstofu og reynt er að skipuleggja aðstoð eftir þörfum. Stundatafla er gefin út á hverri önn. Hér fyrir neðan má sjá stundatöflu setursins haustið 2022

Tími	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:15-9:15	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
9:20-10:20	Opið	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Opið	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Opið
10:40-11:35	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Hilmir Arjona Ingólfss. Danska og Excel	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar
11:35-12:30	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Hilmir Arjona Ingólfss. Danska og Excel	Opið	Aland Shirwan Kamal Stærðfræði	Rósa Kristín Guðleifsd. Heilbrigðisgreinar, tungumál og félagsfr.
13:05-14:05	Aníta Harðardóttir Enska, saga og félagsfræði	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Kristján Þór Sverrisson UN og GR-áfangar	Rósa Kristín Guðleifsd. Heilbrigðisgreinar, tungumál og félagsfr.	Opið
14:10-15:05	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið
15:05-16:00	Opið	Opið	Opið	Opið	Opið

Skólafundur 12. október

Skólafundur var haldinn 12. október 2022. Hann stóð í 1,5 klst. og fór þannig fram að nemendum var skipt niður í 2-3 umræðuhópa í 25 mismunandi stofum undir leiðsögn kennara. Umræðuefnin voru:

1. Kostir og gallar þriggja mismunandi stökkatafla ásamt núverandi stökkatöflu.
2. Aðstaðan í skólanum, kennsluaðferðir, mötuneyti, samskipti og félagslíf.

Úrdráttur úr umræðum hvers hóps voru ritaðar niður og eru þær greindar í sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir skólaárið 2022-2023.

Endurvottun fjarnáms

24. apríl varð ljóst að skólinn fékk endurvottun á fjarnámssviði skólans og uppfyllir fjarnámssvið skólans kröfur ÍST EN ISO 9001:2015 staðalsins. Gildistími vottunarinnar rennur út 24. apríl 2025.

Viðveruskráning á árinu 2022

Veikindindaskráningum á haustönn fækkaði talsvert við lok heimsfaraldurs og mæting stórbatnaði.

Tegund viðveruskráningar	vor 2022	haust 2022
Mæting	58%	67%
Veikindi	9%	4%
Of seint	2%	1%
Leyfi	1%	0%
Óútskýrð fjarvera	28%	27%

Endalok heimsfaraldurs


Heimsfaraldri vegna covid-19 lauk 25. febrúar í þeim skilningi að síðustu [reglugerðir sem takmörkuðu skólahald](#) og samkomur voru felldar úr gildi. Þótt fólk væri almennt hvatt til að huga að persónulegum sóttvörnum þá stjórnaðist skólahald ekki lengur af:

- grímuskyldu
- fjöldatakmörkunum
- fjarlægðarreglum
- fjöldatakmörkunum nemenda í skólastofu
- banni við blöndun nemenda milli rýma
- kröfu um sótthreinsun snertiflata.

Þessar kröfur lömuðu skólahald við Fjölbrautaskólann við Ármúla frá 16. mars 2020 og fram á vor og svo aftur frá 21. september 2020 og að áramótum. Bæði kennarar og nemendur þurftu að sætta sig við grímunotkun, fjarlægðartakmörkun, handþvott- og sprittun auk þess að þrifa borð ýmist fyrir eða eftir kennslustundir allt árið 2021 og fyrri hluta ársins 2022.

Í skólanum var sá háttur hafður á að viðveruskráning nemenda sem voru veikir eða þurftu að sæta sóttkví vegna covid-19 var C.

Skipting viðveruskráningar eftir mánuðum frá hausti 2021 til vors 2023



Áhrifa covid-19 á viðveruskráningar var mest í janúar og febrúar 2022 en var að mestu leyti hætt eftir að takmörkunum var aflétt. Þá var vorönnin 2022 verri hvað veikindi varðar en haustönn 2021, haustönn 2022 og vorönn 2023. Tölum frá maí og desember ber að taka með fyrirvara enda lýkur kennslu í þeim mánuðum og þegar kennslu lýkur skrá kennarar gjarnan námsleyfi (N) í viðveruskráningu.

Mat

Ytra mat

Skólinn fór í gegnum ytra mat á vorönn 2022. Það var í höndum þeirra Margrétar Friðriksdóttur og Unnars Arnar Þorsteinssonar. Matið var unnið út frá tölulegum upplýsingum sem skólinn gaf matsaðilum upp, opinberum upplýsingum á heimasíðu auk samtals við ýmsa rýnihópa kennara, stjórnenda, námsráðgjafa, nemenda og annarra starfsmanna (samtals 41 viðmælandi). Afraksturinn var skýrsla sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans. Í [skýrslunni](#) er að finna lýsingu á skólastarfinu og tölulegar upplýsingar um skólann. Þá fylltu matsmennirnir út gátlista með 78 matsatriðum sem skólinn hefur notast við árlega í innra mati. Hægt er að sjá samanburð á útfyllingum þeirra og sjálfsmatsteymis skólans. Loks er að finna yfirgrípsmikla lista frá nefndinni yfir styrkleika skólans og tækifæri til úrbóta sem mun nýtast skólanum vel í að þróa skólann í nánustu framtíð.

Innra mat


Innra mat er unnið undir stjórn gæðastjóra skólans. Árlega eru gefnar út sjálfsmatsskýrslur hvers skólaárs sem aðgengilegar eru á heimasíðunni. Kjarninn í þeirri vinnu er yfirferð og útfylling á gátlista sem notaður er árlega. Árið 2022 var Jóna Guðmundsdóttir gæðastjóri en í sjálfsmatsteyminu voru: Aðalheiður D. Matthíasdóttir (heilbrigðisskóli), Kristján Páll Kolka Leifsson (félagsfræðikennari), Sigrún Gunnarsdóttir (íslenskukennari), Ingibjörg Ásgeirsdóttir (skrifstofa), Jóhanna Þ. Sturlaugsdóttir

(kennari á sérnámsbraut) auk Söndru Þóroddsdóttur náms- og starfsráðgjafa. Teymið fundaði nokkrum sinnum á önninni. Afraksturinn má sjá í [sjálfsmatsskýrslu 2021-2022](#).

Starfshópur vegna stofnunar ársins

Í byrjun haustannar 2022 óskuðu skólameistarar eftir starfsmönnum til að rýna niðurstöður Stofnunar ársins 2021 (sem birtust 2022). Í það verkefni völdust fjórir kennarar auk umsjónarmanns fasteigna. Alls fundaði nefndin tíu sinnum og kynnti stjórnendum niðurstöður sínar 14. desember.

Nefndin valdi að beina spjótum sínum að upplýsingaflæði frá stjórnendum, trausti til þeirra og sveigjanleika í starfi. Einkunnagjöf stofnunarinnar frá starfsmönnum hafði farið lækkandi eftir mjög góðan árangur í Stofnun ársins 2018 (sem kom út 2019).



Myndin hér fyrir ofan sýnir þróunina í einkunnum skólans 2013-2022. Tölur eru birtar fyrir matþættina stjórnun og sveigjanleika í starfi. Heildareinkunn skólans hefur verið í nokkru samræmi við einkunn um stjórnun.

Um niðurstöður nefndarinnar er fjallað í sjálfsmatsskýrslu skólaáris 2022-2023.

Stofnun ársins 2022

Skólinn lenti í þriðja sæti stórra stofnana fyrir árið 2022. Einkunnir skólans leiðréttu sig því samhliða vinnu nefndarinnar. Skólinn bætti sig umtalsvert í matsþáttum sem snéru að stjórnun og sveigjanleika í starfi (sjá graf í síðasta kafla) en þó hefur hann ekki náð sömu hæðum og 2019. [Niðurstöður](#) má nálgast sundurliðaðar í samanburði við framhalds- og háskóla og aðrar stofnanir á vef skólans.



Stefnur, áætlanir og verkefni

Græn skref

Skólinn lauk fimmta og síðasta skrefinu í Grænum skrefum undir handleiðslu Umhverfisstofnunar þann 28. október 2022. Græn skref er verkefni fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáætlunum. Hvert skref inniheldur um 20-40 aðgerðir sem stofnanir þurfa að innleiða og snúa einkum að hefðbundum skrifstofurekstri.

Erlend samstarfsverkefni

Skólinn er virkur þátttakandi í alþjóðulegum verkefnum og á hverri önn koma kennarar frá öðrum löndum til að kynna sér starfsemi skólans.

Vorönn

- 5.-6. apríl komu gestir frá Tékklandi og Finnlandi til að kynna sér starfsemi heilbrigðisskólans.
- 17. apríl fóru tveir sjúkraliðanemar í starfsnám til Danmerkur.
- 27. apríl: Kennarar og nemendur frá dönskum skóla komu í heimsókn og sóttu m.a.a tíma í íþróttum og lífsleikni.
- 27.-29. apríl: Finniskir kennarar komu í heimsókn og fylgdust með kennslu (e. job shadowing).

- 25.-29. apríl, 1. -7. maí og 29. maí- 6. júní: Kennarar við skólann fóru í þrjár heimsóknir erlendis vegna verkefnanna *Europness, the Pricnciples We Share* og *Education and Entrepreneurship*.

Haustönn

- 6.-16. september tók skólinn á móti kennurum og nemendum frá Frakklandi vegna *Global Awareness in Action* verkefnisins.
- 19.-23. september: Skólinn tók á móti kennurum frá Ungverjalandi, Þýskalandi, Rúmeníu, Ítalíu og Spáni vegna *Education and Entrepreneurship* verkefnisins.
- 22.-28. September tók skólinn á móti kennurum og nemendum frá Þýskalandi, Frakklandi, Portúgal og Tékklandi vegna *Europness, the Pricnciples We Share* verkefnisins.

Félagslíf nemenda

Við skólann starfar nemendafélag (NFFÁ). Nemendafélagið skipuleggur félagsstarfið en sinnir einnig hagsmunamálum nemenda. Nemendafélagsstörf eru skipulögð sem áfangi (FÉLM2FF05) í umsjón Kristínar Valdimarsdóttur félagsmálafulltrúa.

Félagsstarfið í ár markaðist af heimsfaraldri í byrjun árs. Klubbastarf átti erfitt uppdráttar og AA fundir hættu. Nemendafélagið stóð fyrir ýmsum uppákomum á sal skólans auk þemaviku. Mörg fræðslu- og skemmierindi voru flutt á sal skólans. Þá voru pallborðsumræður um kynferðisofbeldi og hinsegileika. Nemendafélagið stóð fyrir mörgum Kahoot-spurningaleikjum á sal og útteildi veitingum við hin ýmsu tækifæri. Þá hélt nemendafélagið utan um skemmilegar þemavikur, t.d. eina til að safna fyrir börn í Jemen. Tvö böll voru haldin, eitt í mars og annað í september með Borgó, Tækniskólanu og FB.

Spurningalið skólans stóð sig vel eins og undanfarin ár í Gettu Betur en þurfti að láta sér lenda að detta út í annarri umferð kepningar í janúar gegn sterku liði Verslunarskólans. Liðið var skipað þeim Þráni, Pétri og Anítu.

Skólinn tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna eftir forkeppni í skólanum. Fulltrúi skólans var Emma Eyþórs og þótti standa sig með þryði.

Lokaorð

Starf Fjölbrautaskólans við Ármúla var þróttmikið, fjölbreytt og farsælt á árinu 2022. Aðsókn nýnema að skólanum var með besta móti. Áskorunum vegna heimsfaraldurs lauk að mestu að vori. Starfsánægja við skólann er aftur á uppleið eftir að hafa leitað niður á við 2020 og 2021. Alger sprenging hefur orðið í fjölda AM-nemenda. Því hefur skólinn mætt með því að fjölga áföngum fyrir þessa nemendur. Skólinn heldur áfram forystuhlutverki í umhverfismálum meðal íslenskra framhaldsskóla með því að ljúka grænum skrefum.

Reykjavík í ágúst 2023

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri